

stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 28.600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 250.000.00 frá 1. nóvember 1966 til 13. janúar 1967 og af kr. 28.600.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Sankvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Reynir R. Ásmundsson og Haraldur Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Kára Guðmundssyni, kr. 28.600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 250.000.00 frá 1. nóvember 1966 til 13. janúar 1967 og af kr. 28.600.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1969.

Nr. 47/1969. **Dánarbú Jóns Guðmundssonar**

(Ingi R. Helgason hrl.).

gegn

Byggingarnefnd Kolviðarnesskóla og

(Bergur Bjarnason hdl.)

Fjármálaráðherra og

Dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

(Björn Hermannsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Verksamningur. Fébætur. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar 1969. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 6.

janúar 1969. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 444.988.50 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða hvorum þeirra málskostnað fyrir Hæstarétti.

Smíð Kolviðarnesskóla var kostuð af ríki og sveitarfélögum þeim, er í hlut eiga, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1955. Voru aðiljar þessir því sambyggjendur.

Stefndi byggingarnefnd Kolviðarnesskóla er sótt í máli þessu sem slík til fébótageiðslu, en eigi sem málsvari fyrir sveitarfélög þau, sem í hlut eiga. Hin stefnda byggingarnefnd Kolviðarnesskóla er einungis starfsaðili, en brestur sjálfstætt málsaðildarhæfi í dómsmáli. Af þeim sökum verður að ómerkja ákvæði héraðsdómsins um byggingarnefnd þessa og frávísa sökinni á hendur henni frá héraðsdómi. Þar sem hin stefnda byggingarnefnd hefur eigi haft uppi varnir á hinum ranga málatilbúnaði, ber að láta málskostnað í máli hennar og áfrýjanda falla niður.

Á teikningu frá húsameistara ríkisins, þeirri sem verk-samningur aðilja var reistur á, var rúmmál Kolviðarnesskóla talið vera 5.150 rúmmetrar. Er því lýst, að þá hafi verið miðað við nýtilegt húsrými, þótt þess væri eigi getið á teikningunni. Stærð skólans hefur hins vegar samkvæmt síðar gerðum mælingum og reikningum reynzt vera 6.044 rúmmetrar, miðað við útlínur veggja. Telja má í ljós leitt, að Jón heitinn Guðmundsson hafi farið villur vegar um hina réttu stærð hússins, þá er hann gerði tilboð um smíð þess. Jón Guðmundsson virðist að vísu ekki hafa beitt fullkominni nákvæmni og aðgæzlu við undirbúning tilboðsins, en það leysir samkvæmt reglum um verkhera ríkissjóð samt eigi undan allri ábyrgð á villu Jóns, þeirri sem leiddi af hinu ranga rúmmálstali skrifstofu húsameistara. Telst því rétt að dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjanda nokkrar uppbætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 225.000.00 ásamt 7% árs-

vöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags. Þá ber að dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti af þeim kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um sök áfrýjanda, dánarbús Jóns Guðmundssonar, á hendur stefnda byggingarnefnd Kolviðarnesskóla eru úr gildi felld. Er þessum hluta málsins vísað frá héraðsdómi, og fellur málskostnaður niður að því leyti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði áfrýjanda kr. 225.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Pétur Elisson vegna dánarbús Jóns Guðmundssonar, Kirkjubraut 23, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. júní 1966, gegn byggingarnefnd Kolviðarnesskóla, Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu, og fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 444.988.50 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. október 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati réttarins.

Stefndu hafa gert þær réttarkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 5. apríl 1962 gerði Jón heitinn Guðmundsson byggingameistari, Kirkjubraut 23, Akranesi, tilboð í byggingu heimavistarbarnaskóla við Kolviðarneslaug í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, samkvæmt teikningum, gerðum á teikni-

stofu húsameistara ríkisins, svo og útboðs- og vinnulýsingu, dagsettri 12. marz 1962, en samkvæmt sérteikningum Almenna byggingafélagsins.

Tilboðið var samþykkt af hlutaðeigandi aðiljum.

Verksamningur milli Jóns heitins Guðmundssonar og byggingarnefndar Kolviðarnesskóla var gerður 14. maí 1962. Samkvæmt honum tók Jón heitinn að sér að byggja upp fokheldan heima- vistarbarnaskólann samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. 12. marz 1962, og uppdráttum, gerðum á sömu teiknistofu í október 1961, en að nokkru leyti breyttum í febrúar 1962, svo og séruppdráttum og byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Tilboðið og verksamningurinn hljóðuðu upp á kr. 2.563.400.00 greiðslu til Jóns heitins fyrir verkið. Útreikningar, gerðir af teiknistofu húsameistara ríkisins, ritaðir á einn af uppdráttunum (útlitsmynd í mælikvarðanum 1 : 100 og afstöðumynd í mælikvarðanum 1 : 500, en teikning þessi er gerð í október 1961), sýna bygginguna 5.150 m³ að stærð. Tilboðsverð Jóns heitins í hvern m³ hefur því verið kr. 497.75.

Þegar áleiðis var komið framkvæmdum, mun Jóni heitnum hafa þótt byggingin taka til sín einkennilega mikið efni og framkvæmdir dragast á langinn. Magnús Blöndal, eftirlitsmaður með byggingu skólans, starfsmaður menntamálaráðuneytisins, hefur borið, að Jón heitinn hafi minnzt á það við sig, meðan á byggingu skólans stóð, að rúmmál skólans væri í raun stærra en á teikningu segði. Síðar hefði Jón heitinn minnzt á það, að hann hygðist krefjast einhverra bóta vegna þessa.

Jón heitinn Guðmundsson hélt samt sem áður áfram byggingu skólans og gerði hann fokheldan.

Þegar skólabyggingin hafði verið gerð fokheld, fór fram úttekt og uppgjör, og skrifuðu aðiljar undir samkomulag hinn 28. október 1964. Í samkomulagi þessu er því m. a. lýst yfir, að byggingarnefndin taki við mannvirkjum af Jóni Guðmundssyni í því ástandi, sem þeim er lýst í úttektargerð, dags. 4. desember 1963, og að samið hafi verið um og lokið greiðslum vegna þeirra annmarka, sem lýst sé í þeirri úttektargerð. Enn fremur segir í samkomulagi þessu svo: „Verkkaupandi hefur innt af hendi allar greiðslur vegna verksins skv. verksamningi, dags. 14. 5. 1962, og verklýsingum, dags. 12. marz 1962, og viðbótarreikningum vegna breytinga.

Skv. þessu hefur átt sér stað fullnaðarskil milli sammingsaðilja

að verksamningi frá 14. maí 1962, og eiga þeir engar frekari kröfur hvor á annan.

Verksali tekur fram, að húsbyggingin sé stærri að rúmmáli heldur en gefið er upp á teikningu, sem fylgdi útboðslýsingu, og hann áskilji sér rétt til að leita úrskurðar um, hver skuli greiða kostnaðarauka, sem af því leiðir, þrátt fyrir yfirlýsingu þessa.

Verkkaupandi lýsir því hins vegar yfir, að teikningar allar vegna byggingarinnar séu unnar á skrifstofu húsameistara ríkisins og því á hennar ábyrgð, óviðkomandi Byggingarnefnd Kolviðarnesskóla“.

Stefnandi hefur látið reikna út rúmmál skólabyggingarinnar. Það hefur gert Guðmundur Magnússon verkfræðingur, og er útreikningur hans dags. 25. nóvember 1966. Samkvæmt þeim útreikningi telst verkfræðingnum stærð hússins vera 6.044 m³ miðað við útlínur útveggja (þ. e. brúttórúmmál).

Guðmundur Þór Pálsson arkitekt, sá er gerði uppdrætti að skólabyggingunni við Kolviðarneslaug, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að rúmmálstalan á teikningunni, 5.150 m³, sé sem næst nettórúmmál skólans. Sagði hann, að með nettórúmmáli eigi hann við nýtilegt rúmmál skólans. Tala þessi hafi verið viðmiðunartala fyrir húsameistaraembættið. Guðmundur sagði, að engar reglur væru til varðandi tilgreiningu á slíkum tölum. Aftur á móti benti hann á, að í Reykjavík væru ýmis gjöld miðuð við brúttórúmmál bygginga og því væri nauðsynlegt að gefa þá tölu upp á teikningum. Jafnframt sé taxti Arkitektafélags Íslands miðaður við brúttórúmmál. Við þá útreikninga hafi hver arkitekt sína aðferð, þar sem engar ákveðnar reglur séu til um það, hvað telja eigi brúttórúmmál.

Guðmundur sagði, að rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu af skólanum hafi verið fengin þannig út í stórum dráttum, að hann hafi miðað við innanveggjamál, þ. e. mál milli veggja og milli gólfa og lofta.

Guðmundur Þór þar, að umrædd rúmmálstala á teikningu af Kolviðarnesskóla hafi ekki verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur hjá öðrum embættum. T. d. sagði hann sér kunnugt um, að fjárveitingavaldið hafi ekki miðað við þessa tölu, þar sem nákvæm kostnaðaráætlun hefði fylgt teikningum. Guðmundur Þór kvað rúmmálstöluna t. d. hafa verið notaða til þess að reikna út nettórúmmál á hvern nemanda í umræddum skóla.

Ekkert gat Guðmundur Þór fullyrt um það, hvort Jón heitinn Guðmundsson hefði talað við hann um margnefnda rúmmálstölu

að skólanum, áður en tilboðin voru opnuð. Hins vegar kvað Guðmundur Þór Jón heitinn hafa minnst á það við sig, er uppsláttur á kjallara skólans stóð yfir, að því er Guðmund Þór minnti, að honum fyndist rúmmál það, sem uppgefið væri á teikningunni, ekki rétt, þ. e. að það væri meira í raun. Guðmundur Þór sagðist hafa svarað því til, að honum væri það kunnugt, því að þessi tala væri ekki brúttórúmmál skólabyggingarinnar.

Magnús Blöndal, byggingareftirlitsmaður með skólabyggingunni, hefur komið fyrir réttinn og gefið vitnaskýrslu. Var Magnús þá inntur eftir því, hvað hann teldi felast í hugtakinu brúttórúmmál, og sagði hann, að þá væri miðað við yztu línur veggja og sökkulbrúnir. Sagði hann, að alls ekki væri einhlítt að miða útreikning kostnaðaráætlunar við brúttórúmmál.

Magnús sagði, að ef rúmmálstala stæði skýringarlaus á teikningu að skóla, þá mundi hann skilja það á þann veg, að þar væri átt við brúttórúmmál.

Magnús Blöndal kvaðst mundu við gerð kostnaðaráætlunar í tilboði hafa brúttórúmmál til viðmiðunar, en rétt kostnaðaráætlun fengist ekki út, nema að reikna út hverja einingu fyrir sig, þ. e. svo sem efnismagn, vinnu o. s. frv.

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, hefur komið fyrir réttinn og borið, að rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu sé nettórúmmálstala, en með nettórúmmáli sé átt við nýtilegan hluta skólans, þ. e. þann hluta, sem arkitekt hafi reiknað út sem nýtilegan á hvern nemanda skólans. Hörður Bjarnason kvað engar fastar reglur vera til um útreikninga á rúmmáli á teikningum og sé því ekki eins reiknað út í öllum tilfellum. Hann bar, að af hálfu húsameistaraembættisins væri brúttórúmmáls því aðeins getið á teikningum, að byggingarnefndir viðkomandi staða, t. d. í Reykjavík og kaupstöðum úti á landi, krefðust þess varðandi teikningar. Hins vegar hafi þess ekki verið krafizt í því umdæmi, þar sem nefndur skóli var byggður, að brúttórúmmálstalan væri upp gefin.

Hörður Bjarnason var að því spurður, hvort hann teldi, að rúmmálstala, sem gefin væri upp á teikningu, skýrslu eða nótu án nánari skilgreiningar, ætti samkvæmt venju fremur að teljast heildarrúmmál, svokallað brúttórúmmál, eða innanmál, svokallað nettórúmmál. Hann kvaðst ekki geta svarað þessari spurningu almennt. Hins vegar tók hann fram, að ef slík tala væri á teikningu til byggingarnefndar Reykjavíkur, þá mundi hann telja hana sýna brúttórúmmál, og sama gilti um áður-

nefndar byggingarnefndir úti á landi, en byggingarnefndir setji sínar eigin reglur um rúmmál, t. d. til að miða ýmis gjöld við.

Hörður Bjarnason kvaðst hafa verið viðstaddur, þegar tilboðin voru opnuð, en sagðist ekki minnst þess, að rúmmál skólans hefði sérstaklega borið á góma, og ekki heldur, að nokkur spurning hefði komið fram um það atriði. Hörður Bjarnason kvað sér eigi kunnugt um, að margnefnd rúmmálstala á teikningu skólans hafi verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur kostnaðaráætlunar skólabyggingarinnar af hálfu embættis húsameistara. Honum var heldur ekki kunnugt um, að umrædd rúmmálstala hefði verið notuð sem viðmiðunargrundvöllur hjá öðrum embættum, t. d. að því er fjárveitingu til skólans varðaði.

Halldór Bachmann byggingameistari hefur komið fyrir rétt og gefið vitnaskýrslu. Hann hefur borið, að fyrri hluta árs 1962 hafi Jón heitinn Guðmundsson komið að máli við sig og spurt sig að því, hvað sér sýndist um það, að Jón byði kr. 500.00 í rúmmetrann í fókhelda skólabyggingu á Snæfellsnesi. Kvað Halldór Bachmann Jón heitinn hafa sagt sér, að byggingin væri rúmir 5.000 m³ að stærð. Halldór kvaðst hafa tjáð honum það sína reynslu, að óhætt mundi að bjóða það verð, en ef hann vildi ná í verkið, skyldi hann bjóða nokkrar krónur fyrir neðan kr. 500.00 á rúmmetra. Halldór Bachmann kvað Jón heitinn hafa gefið honum upp brúttótölu skólabyggingarinnar, en jafnframt spurt Halldór að því, hvað við væri átt, þegar nefnt væri brúttórúmmál byggingar. Kvaðst Halldór hafa sagt Jóni heitnum, að samkvæmt sígildri venju væri átt við yztu línur byggingarinnar, þar með talinn sá hluti svala, sem innbyggður væri, þ. e. fyrir innan yztu línu. Svalir, sem gengju út, væru ekki reiknaðar með. Halldór Bachmann kvaðst ekki vera í nokkrum vafa um, að Jón heitinn Guðmundsson hefði byggt framangreint tilboð sitt á því, að nefnd rúmmálstala á teikningu væri brúttórúmmál, svo og samtali Halldórs við Jón heitinn.

Löngu síðar kvaðst Halldór Bachmann hafa hitt Jón heitinn Guðmundsson og hafi hann þá tjáð sér, að byggingin hafi reynzt miklu stærri en upp hefði verið gefið á teikningunni, en hann hefði ekki athugað það, fyrr en hann hafði verið kominn talsvert áleiðis með bygginguna.

Fyrir réttinn hafa komið þeir Jóhann Pétursson, Gunnlaugur Jónsson og Þorkell Ágúst Guðbjartsson og gefið vitnaskýrslur. Skýrðu þeir allir svo frá, að þeir hefðu verið tilbjóðendur í framangreinda skólabyggingu, og báru þeir allir, að þeir hefðu

skilið rúmmálstöluna 5.150 m³ sem brúttórúmmál, þ. e. a. s. sem heildarrúmmál skólans. Skýrðu þeir þetta nánar á þann veg, að brúttórúmmál væri margfeldi flatarmáls og hæðar miðað við yztu línur útveggja. Þeir kváðust mundu telja innbyggðar svalir falla innan rúmmáls miðað við yztu línu.

Enginn þessara manna minntist þess, að þessi rúmmálstala á teikningunni hefði komið til tals, áður en tilboðin voru opnuð.

Gunnar Guðbjartsson, formaður byggingarnefndar umrædds skóla, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi verið viðstaddur fund þann, er haldinn var 12. marz 1962, þegar tilboð voru opnuð. Hann sagði, að á umræddum fundi hefði ekki verið fjallað neitt um stærð nefnds skóla, og ekki kvaðst hann muna, að teikning af skólanum hefði verið sýnd á fundinum. Sérstaklega aðspurður sagði Gunnar Guðbjartsson, að ekkert hefði komið fram á fundi þessum um rúmmál skólans. Gunnar Guðbjartsson kvað þá Jón heitinn Guðmundsson og Þorkel Guðbjartsson, bróður sinn, hafa drukkið saman kaffi, eftir að tilboðin voru opnuð. Hafi þeir rætt um væntanlega byggingu skólans. Enn fremur hafi þeir rætt um magn timburs til byggingarinnar og hafi þá að fyrri bragði komið fram hjá Jóni heitnum Guðmundsyni, að hann teldi raunverulegt rúmmál skólans meira en rúmmál það, sem upp hefði verið gefið í útboðsgögnum, sbr. þá sérstaklega teikningu af skólanum. Kvaðst Gunnar Guðbjartsson þá hafa spurt Jón heitinn, í hverju hann teldi þetta liggja. Sagði Gunnar þá Jón heitinn og Þorkel Guðbjartsson þá hafa verið sammála um, að ástæðan væri sú, að grunnur væri þarna mjög djúpur, og yrði því að steypa mikla vegg þess vegna, en það rúmmál nýttist ekki sem húsnæði.

Gunnar Guðbjartsson sagði, að við undirritun verksamningsins hefði Jón heitinn ekki á nokkurn hátt minnt á rúmmál væntanlegs skóla og ekki hefði komið til tals, við hvaða stærð skóla verksamningurinn væri miðaður, aðra en þá, sem fram hefur komið í útboðsgögnum. Gunnar Guðbjartsson kvaðst hafa komið á byggingarstað, þegar byggingarframkvæmdir hófust og oft síðan. Sagði hann, að Jón heitinn Guðmundsson hefði aldrei minnt á hið aukna rúmmál, sem hann hefði talað um á nefndum kaffifundi, fyrr en uppgjör vegna byggingar skólans hafi farið fram. Gunnar Guðbjartsson tók þó fram, að Jón heitinn hefði hækkað allan grunninn um 30 cm. Sá kostnaðarauki hafi verið greiddur honum sérstaklega með tæpum kr. 140.000.00. Gunnar Guðbjartsson bar, að Jón heitinn Guðmundsson hefði haft samband við

húsameistaraembættið vegna rúmmáls mismunar þess, er hann taldi vera á byggingunni í raun og útboðsgögnum, sama dag og uppgjörið fór fram milli Jóns heitins og byggingarnefndar skólans.

Gunnar Guðbjartsson sagði, að ekki þurfi að sækja um samþykki neins staðbundins aðilja til að byggja skóla sem þennan og í sveitum séu engin byggingarleyfisgjöld innheimt.

Gunnar Guðbjartsson bar, að í umsókn byggingarnefndar skólans til menntamálaráðherra um byggingu skólans hafi um stærð hans og kostnaðaráætlun við byggingu hans verið vísað í gögn og útreikninga húsameistara ríkisins, en þau gögn, bæði varðandi stærð og kostnað, hafi verið send beint frá embættinu til menntamálaráðherra án þess að fara um hendur byggingarnefndarinnar.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að Jón heitinn Guðmundsson hafi átt að byggja nefnt skólahús samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. 12. marz 1962. Samkvæmt þeirri útboðs- og vinnulýsingu eigi verksali að byggja húsið samkvæmt: a) sjálfri lýsingunni, b) uppdráttum, gerðum af teiknistofu húsameistara ríkisins, dags. í október 1961, c) séruppdráttum þá og síðar, d) byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Samkvæmt teikningu af skólanum sé samanlagt rúmmál byggingarinnar talið 5.150 m³. Jón heitinn hafi byggt tilboð sitt á þessari rúmmetrastærð. Ljóst sé, að Jón heitinn hafi átt að geta treyst á þessa áritun um stærðina. Fráleitt sé að halda því fram, að þessi rúmmálsáritun sé nettórúmmál eða innanmál eða rúmmál nýtilegs hluta byggingarinnar eða þar fram eftir götunum, því að þá hefði verið nauðsynlegt að auðkenna rúmmáls-töluna sérstaklega, en það hafi ekki verið gert. Þegar rúmmál byggingar sé upp gefið án sérstakrar auðkenningar, sé alltaf um brúttórúmmál að ræða. Hins vegar hefði ekki verið stofnað til þessarar málssóknar, ef aðeins skakkaði lítilræði frá réttu rúmmáli. Hér skakki hins vegar um 20%. Skólabyggingin sé ekki 5.150 m³, heldur 6.044 m³, eða 894 m³ stærri en hún hafi verið talin samkvæmt teikningu, gerðri á vegum húsameistara ríkisins. Stefnukröfuna fær stefnandi með því að margfalda umfram rúmmálið, 894 m³, með þeirri krónutölu, sem hann hafi boðizt til að byggja hvern rúmmetra fyrir, en það er kr. 497.75. Margfeldi þessara tveggja talna sé kr. 444.988.50, en það er stefnufjárhæð málsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkvæmt eðli og

ákvæðum verksamningsins beri verkkaupa skylda til að sjá verksala fyrir ógölluðum teikningum. Í því tilliti beri verkkaupi ábyrgð á öllum fylgiskjölum samningsins gagnvart verksala. Hins vegar sé í máli þessu húsameistara ríkisins stefnt solidarískt af hagkvæmnisástæðum, þar eð hinar gölluðu teikningar séu handvömm á skrifstofu hans, sem hann beri að lokum ábyrgð á.

Að endingu hefur stefnandi áréttað dómkröfur sínar með því, að hér sé um opinbera skólabyggingu að ræða, og því sé eðlilegt, að sá kostnaðarauki, sem varð af byggingunni, vegna þess að hún reyndist stærri heldur en upp hafði verið gefið á teikningu, sé borinn af almenningi í heild, en ekki stefnanda þessa máls einum, svo sem yrði, ef sýknað yrði í þessu máli.

Stefndi dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins reisa sýknukröfu sína á því, að rúmmál það, sem gefið hafði verið upp á fyrrnefndri teikningu, hafi verið viðmiðunartala fyrir embættið og sem næst nettórúmmál skólabyggingarinnar. Þessi stefndi tekur fram, að hvergi sé þess getið í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, en samkvæmt henni hafi átt að byggja hús þetta, að gefa eigi upp rúmmál byggingar á teikningum, heldur eingöngu heildarflatarmál. Enn fremur bendir stefndi á, að ekki séu til neinar reglur um það, hvernig eigi að reikna út rúmmál húsa, og komi því oft fyrir, að byggingarfróðir menn fái út mismunandi tölur um rúmmálsstærð sama hússins.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að verksala hafi verið kunnugt strax í upphafi, að teikningarnar tilgreindu ekki brúttórúmmál hússins. Þessum stefnda virðist því ljóst, að hér sé eingöngu um handvömm eða fljótfærni verksala sjálfs að ræða, þegar hann bauð í verkið, enda hafi honum sem byggingafróðum manni átt að vera innan handar að gera alla útreikninga, bæði um stærð hússins og efnisþörf, þar eð flest eða öll mál á byggingunni hafi verið gefin upp í metrum og kvótar á plötum.

Því er sérstaklega mótmælt af hálfu þessa stefnda, að hér hafi verið um nokkra handvömm af hendi húsameistara ríkisins að ræða, sem bakað geti ríkissjóði skaðabótaskyldu. Teikningarnar hafi verið vel og samvirkusamlega unnar og á þeim hafi verið að finna allar nauðsynlegar upplýsingar, til þess að unnt væri að reikna út efnisþörf og byggingarkostnað. Enn fremur er því mótmælt, að nokkur algild regla sé til um það, að þó uppgafið rúmmál sé á teikningu, þá beri að skoða það fremur sem brúttórúmmál en nettórúmmál. Að endingu bendir þessi stefndi

á, að engin lögskipti hafi átt sér stað milli hans og stefnanda þessa máls. Hann hafi ekki verið aðili að verkamningi þeim, sem sé grundvöllurinn að lögskiptum aðiljanna, heldur aðeins stefnandi málsins og meðstefndi byggingarnefnd skólans. Ef talið yrði, að um skaðabótaskyldu væri að ræða, þá sé það að sjálf-sögðu byggingarnefndin, sem skaðabótaábyrgðina beri, enda sé það hún, sem verksins njóti og þá um leið þess umfram húsrýmis, sem kunni að hafa verið byggt. Þar sem ósannað sé, að um hand-vömm af hendi húsameistara ríkisins sé að ræða við gerð teikn-inga, mótmælir þessi stefndi, að um skaðabótaskyldu ríkissjóðs geti verið að ræða í málinu.

Stefndi byggingarnefnd Kolviðarnesskóla byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að hann mótmælir, að það sé viðtekin venja, að átt sé við þrúttórúmmál, þegar rúmmáls sé getið á teikningum án nánari skilgreiningar. Þá sé og á það að líta, að líkur bendi til þess, að stefnandi hafi þegar verið búinn að gera sér grein fyrir því, að rúmmál það, sem gefið er upp á teikning-unni, hafi ekki verið þrúttórúmmál, sbr. framburð Gunnars Guð-bjartssonar, sem rakinn hefur verið hér að framan. Þá heldur þessi stefndi því fram, að engan veginn sé einhlítt að byggja útboð á rúmmáli húsa eingöngu. Til þess að fá fram nákvæm og örugg tilboð verði að byggja þau á langtum fleiri atriðum heldur en rúmmálstölunni einni, þar sem byggingarkostnaður húsa geti verið mjög mismunandi, þótt rúmmál sé hið sama, enda fari byggingarkostnaður að miklu leyti eftir allri gerð hvers húss. Jón heitinn Guðmundsson, sem hafi verið sérfróður í byggingarmálum, hafi átt að gera sér þetta ljóst og reikna tilboð sitt því nákvæmar út í stað þess að byggja það eingöngu á rúmmálstölunni.

Ef svo kynni hins vegar að fara, að stefnandi yrði talinn eiga bótakröfur vegna byggingar þeirrar, sem hér um ræðir, þá virðist þessum stefnda alveg ljóst, að hann eigi þar enga sök, heldur meðstefndi í máli þessu, þar sem hann hafi lagt til allar teikn-ingar af byggingunni og þá með þeim göllum, sem þar kunni að vera að finna. Ef svo kynni samt sem áður að fara, að þessi stefndi yrði dæmdur til að greiða bætur í máli þessu, en með-stefndi ekki, áskilur þessi stefndi sér rétt til endurheimtu bót-anna úr hendi meðstefnda. Að öðru leyti vísar þessi stefndi um röksemdir fyrir sýknukröfu sinni til röksemda meðstefnda, sem getið er hér að framan.

Telja verður ósannað, að Jón heitinn Guðmundsson hafi vitað,

þegar hann gerði tilboð sitt í byggingu skólans, að rúmmálstala sú, sem upp er gefin á teikningu, hafi verið nettórúmmál skólans. Getur rétturinn fallizt á það með stefnanda, að það sé orðin viðtekin venja, að þegar getið sé rúmmáls byggingar án nánari skilgreiningar, sé átt við brúttórúmmál byggingar. Rúmmálstalan á fyrrnefndri teikningu frá húsameistara ríkisins gefur því villandi upplýsingar um stærð skólans, sé stærðin eingöngu skoðuð út frá þeirri tölu einni.

Áður en Jón heitinn Guðmundsson gerði tilboð sitt í byggingu skólans, hafði hann fengið í hendur útboðsgögn, þ. e. teikningar og útboðslýsingu. Í tilboði hans samkvæmt þessum útboðsgögnum kemur hvergi fram, að hann miði tilboð sitt eingöngu við margnefnda rúmmálstölu á teikningu. Verður því að líta svo á, að hann hafi bundizt samkvæmt tilboði sínu, enda var hann byggingameistari að iðn, og mátti tilboðsmóttakandi því treysta því, að hann ynni tilboð sitt þannig, að um endanlegt verð væri að ræða af hans hálfu.

Verður því eigi á það fallizt, að hin villandi rúmmálstala ein út af fyrir sig sé slíkt úrslitaatriði, að talið verði, að brostin sé forsenda fyrir tilboði Jóns heitins Guðmundssonar í byggingu margnefnds skóla. Er því eigi unnt að taka dómkröfur stefnanda til greina, og þer að sýkna stefndu í þessu máli.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Haraldi V. Haraldssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, byggingarnefnd Kolviðarnesskóla og dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna húsameistara ríkisins, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnandans, dánarbús Jóns Guðmundssonar.

Málskostnaður fellur niður.